

Orkustofnun  
Bryndís G. Róbertsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 11. desember 2015  
UST201512-038/B.S.  
10.05.01

### Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku - Viðfjörður við Norðfjarðarflóa. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn, þar sem sótt er um að taka 6.610 m<sup>3</sup> til viðbótar við þá 35.000 m<sup>3</sup> sem þegar hefur verið gefið leyfi til að taka í Viðfirði.


Eins og fram kemur í erindi Orkustofnunar hefur Umhverfisstofnun ítrekað bent á að grunnupplýsingar um botndýralíf og jarðmyndanir eigi að liggja fyrir áður en leyfi er veitt til efnistöku þannig að unnt sé með nokkurri vissu að segja fyrir um þau umhverfisáhrif sem efnistakan kann að hafa í för með sér.


Umhverfisstofnun telur að þær rannsóknir sem ráðgert er að Náttúrustofa Austurlands framkvæmi muni gefa allgóða mynd að botndýralífi á og við efnistökusvæðin í Viðfirði.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að leggja mat á með hvaða hætti megi mögulega draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á botndýralíf og að greint verði hvaða staðir í Viðfirði teljist heppilegastir til efnistöku m.t.t. áhrifa á lífríki.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku sem er tiltölulega lítil miðað við það magn sem þegar hefur verið tekið og leyfi veitt fyrir, en stofnunin telur þó brýnt að niðurstöður rannsókna Náttúrustofu Austurlands liggja fyrir áður en af frekari efnistöku verður í Viðfirði.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri